



## 1616. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
1.2.2017, kl. 11:30

---

### 1. Fundargerð 1615. fundar

Samþykkt.

### 2. Endurskoðun

Samþykkt að semja við Endurskoðun og ráðgjöf ehf.

### 3. Nefndir og vinnuhópar tengdir samstarfssamningi

Fyrirliggjandi tillaga um skipun fulltrúa ÍBR samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda hana til ÍTR.

### 4. Aðildarumsókn Knattspyrnufélagsins Úlfanna

Umsóknin er í ferli. Samþykkt að veita félaginu undanþágu til þátttöku í keppnum.

### 5. Erindi ÍTR um kjör íþróttakvenna og –karla hjá aðildarfélögum ÍBR

Umræður. Framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn á stærstu aðildafélögin um hvernig kjörinu er háttað í dag.

### 6. Þing ÍBR – tillögur frá stjórn

Umræður um mögulegar lagabreytingar, mannvirkjamál o.fl. Í undirbúningnum verði m.a. litið til stöðu samþykka síðasta þings, verkefnalista vegna samstarfssamninga og hvort eitthvað stendur útaf m.t.t. [Stefnu í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020](#).

### 7. Önnur mál

- Rætt um Reykjavíkurleikana, m.a. jákvæða þróun viðburðarins en að sama skapi áskoranir vegna skorts á gistirýmum í Reykjavík.
- Efnahagsleg áhrif íþróttá almennt og einstakra íþróttaviðburða, rætt um mikilvægi og skort á slíkum greiningum.

Fundi slitið kl. 13:10.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari